

Fundargerð aðalfundar Læknaráðs Landspítala 7.október 2022, kl 8.00, Blásalir Fossvogi

Gunnar Bjarni Ragnarsson varaformaður stjórnar Læknaráðs Landspítala setti aðalfundinn kl 08.05. Fundurinn var einnig sendur út sem fjarfundur frá Blásölum á Landspítalanum í Fossvogi.

GBR kynnir embættismenn læknaráðs og fór yfir sögu nýs Læknaráðs og síðan til dagskrár samkvæmt fundarboði:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Kosning formanns og nýrra stjórnarmanna
4. Önnur mál

Kosning fundarstjóra og fundarritara: Embættismenn Læknaráðs kynntir. Farið yfir dagskrá, fundarstjóri kynntur, Tryggvi Helgason, ritari Svanheiður Lóa Rafnsdóttir. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan. Við það gerðu fundarmenn engar athugasemdir.

Skýrsla stjórnar (sjá <https://www.lis.is/static/files/Laeknarad/skyrsla-stjornar-2021-2022-.pdf>). Farið yfir fyrri lagabreytingar og yfir stjórn Læknaráðs. Enginn launaður starfsmaður innan Læknaráðs, engir ársreikningar og því engin skýrsla gjaldkera.

Farið yfir málefni sem Læknaráð hefur farið yfir frá síðasta aðalfundi og ályktanir sem má finna á innri vef LÍ. Nýtt Læknaráð hefur lagt áherslu á faglegt aðhald, bent á mikilvægi símenntunar og vísindavinnu ásamt mikilvægi þess að hlúa að starfs og vinnuumhverfi starfsfólks.

Kjör nýrrar stjórnar Læknaráðs: (Sjá fylgjiskjal, framboðslisti??): Farið yfir starfandi stjórn Læknaráðs og breytingar. Steinunn Þórðardóttir steig til hliðar úr formennsku er hún varð formaður LÍ um síðustu áramót. Einnig hafa eftirtaldir óskað eftir að víkja úr ráðinu: Björn Logi Þórarinsson, Hlynur Indriðason og Jón Örn Friðriksson.

Farið yfir framboðslista yfir þá lækna sem gefið hafa kost á sér til stjórnsetu:

Til formennsku: Gunnar Bjarni Ragnarsson **Til stjórnarsetu:** Arnfríður Henrysdóttir kvensjúkdómalæknir, Hildur Jónsdóttir lyflæknir, Jóhann Páll Ingimarsson þvagfæraskurðlæknir og Páll Guðjónsson sérnámslæknir.

Áfram sitja: Svanheiður Lóa Rafnsdóttir skurðlæknir, Þórunn Jónsdóttir gigtlæknir (fulltrúi í Fagráði LSH), Bergur Stefánsson bráðalæknir og Kristján Dereksson barnalæknir.

Önnur framboð bárust ekki áður en framboðsfrestur rann út að morgni 30. september 2022

Fundarstjóri lýsti Gunnar Bjarna Ragnarsson sem sjálfkjörinn formann Læknaráðs og aðra frambjóðendur sjálfkjörna stjórnarmenn. Nýrri stjórn læknaráðs var fagnað með lófataki og rafrænum „like-um“

1. Önnur mál: reyndust engin. Fundarstjóri gaf þá nýkjörnum formanni orðið og ávarpaði hann fundarmenn og þakkaði traustið fyrir sína hönd og annarra stjórnarmanna.

Fleira gerðist ekki. Fundarstjóri sleit fundi kl. 08:55.

Reykjavík, 07. október 2022


Gunnar Bjarni Ragnarsson